

Þegar ekkert er eins og áður

Ávarp á 14. Mótmælafundi á Austurvelli 1. október 2009.

Við – fólkið í landinu og fólkið hér á Austurvelli sem kallað hefur verið skríllinn og kommandrullusokkar - þurfum að beita okkur á öllum sviðum ef breytingar eiga að verða á íslensku samfélagi. Öðruvísi verður réttlætinu ekki fullnægt.

Í fyrsta lagi þarf að draga fjárglæframenn til saka og gera eigur upptækar. Í öðru lagi að kostnaður dýrasta bankahruns heims leggist þyngst á þá sem breiðustu bökin hafa og í þriðja lagi að ráðherrar og embættismenn sem bera ábyrgð á hruni fjármálakerfisins segi af sér og boðað verði til kosninga.

Við viljum kjósa um nýtt Ísland, eftir nýjum reglum. Reglum þar sem áhrif kjósenda eru tekin fram yfir ofríki flokkanna.

Skilaboð ríkisstjórnar til fjármálaheimsins

Slíkt réttlæti kemur ekki frá þeim stjórnmalaflokkum, auðmönnum og embættismönnum sem sáu til þess að gróðinn af útrásinni var einkavæddur og skuldirnar þjóðnýttar. Ríkisstjórn sjálfstæðimanna og framsóknarmanna einkavinavæddi gömlu ríkisbankanna. Einkavinavæðing bankakerfisins sendi þau skilaboð út til fjármálaheimsins að íslensk stjórnvöld kæmu bönkunum, þ.e. flokksvinum sínum, til hjálpar ef illa færi.

Aðstoðin yrði á kostnað íslenskra skattgreiðenda. Spákaupmönnum fannst óhætt að lána bönkunum þar til þeir urðu 10 sinnum stærri en íslenska hagkerfið. Pólítíska baktryggingin ýtti líka undir áhættusækni bankamanna og fjárglæframanna sem notuðu bankanna eins og viljalaust verkfæri til að fjármagna viðskiptamódel sitt. Þetta viðskiptamódel hefur verið bannað með lögum í öðrum löndum, en var upphafið hér á landi sem snilligáfa.

Viðskiptamódelið fólst í skuldsettri yfirtöku fjárfestingafélaga á rekstrarfélögum í gegnum flókin eignartengsl. Veikt regluverk, vanvirkt eftirlitskerfi og stöðugt innflæði af erlendu skammtíma fjármagni voru meginforsendur þess að viðskiptamódelið gengi upp. Stjórnvöld þurftu því að spila með og innleiða með meiri hörku en áður efnahagstefnu sína.

Ekkert gert til að koma í veg fyrir misnotkun

Efnahagsstefna sem fólst einfaldlega í því að gera ekkert til að koma í veg fyrir að einstaklingar og fyrirtæki misnotuðu aðstöðu sína og veðsettu eignir og auðlindir þjóðarinnar. Hagsmunir fólksins í landinu voru látnir víkja fyrir skammtíma hagsmunum auðmanna og stjórnmalaflokka.

Engin áætlun var gerð um hvernig bregðast skyldi við bankakreppu, þó allt benti til að íslenska bankakerfið yrði fyrir árás spákaupmanna eins og gerst hefur víða um heim. Þeir sem komu með athugasemdir við stjórnleysið, spillinguna og siðleysi viðskiptamóðelsins var refsað bæði beint og óbeint - með aðferðum sem kallast einelti.

Valdastétt sem leggur gagnrýnendur í einelti

Einelti á fólki með öðruvísi skoðanir hefur viðgengist lengi á Íslandi og lauk því miður ekki með hrúni bankanna. Völd spilla og enginn af þeim sem sátu á valdastólum og bera ábyrgð á hrúninu hefur þurft að víkja. Þess í stað er gengið fram með hörku við að útiloka þá, sem haldið hafa uppi gagnrýni á aðgerðarleysi og vanhæfi valdhafa til að takast á við fjármálakreppuna.

Gagnrýnendur eru hættulegir í augum valdastéttarinnar, þar sem þeir gætu afhjúpað spillinguna og ráðaleysi ráðherra og embættismanna. Rannsóknarnefnd sem á að skoða aðdraganda og ástæður bankahrunsins hefur verið komið á fót. Tengsl einstaklinga í nefndinni við ríkisstjórnarflokkana gera hana ótrúverðuga í augum almennings.

Óháð rannsókn á bankahruninu getur aldrei farið fram á meðan að valdakerfi þeirra sem stýrðu hagkerfinu inn í stærstu fjármálakreppu sem sögur fara af, stendur óhaggað.

Valdakerfið byggir á fjölskyldu-, vana- og flokkstengslum sem óspart eru notuð til að útiloka hæfa einstaklinga frá ábyrgðastörfum í samfélaginu. Í krafti þessa valdakerfis hefur sama fólkinu og stýrði gömlu einkabönkunum í þrot verið falið að stjórna nýju ríkisbönkunum. Valdakerfinu þarf að umbylta, ef einhverjar breytingar eiga að verða!

Taumhald á markaðsöflin

Á undanförunum áratugum hefur valdastéttin, fjölmiðlar í eigu stórfyrirtækja og háskólar sem stjórnað er af Samtökum atvinnulífsins og Viðskiptaráði notað öll tiltæk ráð til að festa í sessi barnalega oftrú á markaðshyggju en birtingarmyndir hennar hefur verið græðgi, siðblindu og gengdarlaus einstaklingshyggja.

Beisla þarf markaðsöflin eins og gert hefur verið t.d. í Bandaríkjunum og Svíþjóð með víðtækum reglum, lögum og eftirlitskerfi sem skilgreina hvað geti talist eðlileg hegðun og viðskipti á mörkuðum fyrir vörur-, þjónustu og fjármagn.

Skera þarf á hagsmunatengsl fjölmiðla og háskóla við stórfyrirtæki og valdahópa. Tryggja þarf dreift eignarhald og þátttöku starfsfólks í stjórnun þessara stofnana. Flokksgæðingar og fyrirverandi bankastarfsmenn eiga ekki að njóta forgangs við ráðningar og úthlutun námskeiða til kennslu í háskólum landsins.

Pólitískar stöðuveitingar verði bannaðar

Bankahrunið afhjúpaði veikleika stjórnsýslunnar til að gæta hagsmuna þjóðarinnar. Nauðsynleg sérfræðipekking var ekki til staðar og farveg vantaði fyrir samstarf milli ráðuneyta. Banna verður pólitískar stöðuveitingar í stjórnsýslunni og koma verður á fót óháðri ráðningarnefnd ríkisins sem metur hæfni umsækjenda.

Auka þarf gagnsæi í stjórnámálum og stjórnsýslu til að tryggja að hagsmunir þjóðarinnar ráði för. Samstarf milli ráðuneyta þarf að efla til að þau ráði betur við stöðugt flóknari viðfangsefni og séu ekki undir hælnum á viðkomandi ráðherra.

Aðgerðir gegn fátækt

En þetta er auðvitað ekki nóg. Fátækt mun aukast verulega á næstunni vegna mikillar kjararýrnunar og aukins atvinnuleysis. Nú hafa um 10.000 manns skráð sig án atvinnu og mun þessi hópur halda áfram að stækka á næstu mánuðum.

Samkvæmt fyrirtækinu Creditinfo á Íslandi eru tæplega 3.500 fyrirtæki tæknilega gjaldþrota og ef þau verða öll látin fara í gjaldþrot, þá mun tala atvinnulausra fara upp í um 27.000. Á næstu mánuðum mun stór hluti atvinnulausra þurfa að lifa á um 150.000 kr. á mánuði. Upphæðin dugar hvorki fyrir framfærslu né fyrir afborgunum af fasteignalánnum hjá mörgum fjölskyldum.

Fátækt blasir því við fórnarlömbum fjármálakreppunnar – mun meiri fátækt en nauðsynlegt er að leggja á fórnarlömbin. Laun margra hafa alltaf verið lág og íslenska velferðarkerfið greiðir smánarbætur til þeirra sem ekki eru í vinnu.

Skattkerfið hefur verið notað sem tæki til að hvetja fólk til að stunda vinnu, skapa atvinnu og fjárfesta í atvinnutækifærum. Skattbyrði einstaklinga og fyrirtækja hefur því verið léttari hér á landi en í flestum löndum OECD. Nú er brýnt að leggja þyngri byrðar á þá sem sölsuðu undir sig miklum auðæfum á síðustu árum og eiga enn mikið fé á öruggum stöðum.

Valið stendur milli almennings og auðmanna

Hækka verður fjármagnstekjuskatt og taka upp fjölþrepa tekju- og eignaskatt. Leiði þessar aðgerðir til landflotta auðmanna, þá myndast tækifæri fyrir aðra til að taka yfir fyrirtæki eða stofna ný fyrirtæki. Valið stendur í raun milli þess að almenningur hrekist úr landi eða auðmenn.

Standa þarf vörð um velferðina í landinu núna þegar minna og minna verður til skiptanna. Sérhagsmunir verða að víkja fyrir almannahagsmunum þegar ákvarðanir eru teknar um niðurskurð og einkavæðingu í ríkisgeiranum. Aðgangur landsmanna að heildbrigðisþjónustu og menntastofnunum á alltaf að vera óháður efnahag og búsetu.

Fátækt og eignatilfærsla einkenna allar fjármálakreppur. Eignatilfærsla sem bitnar á þeim sem verða gjaldþrota eða neyðast til að selja eignir á brunaútsölu. Eignir eru seldar til þeirra sem að aðgang hafa að reiðufé og lánsfé. Í þessari miklu eignatilfærslu verður að tryggja hagsmuni fólksins í landinu og starfsfólks.

Koma verður í veg fyrir að skuldir auðmanna séu einfaldlega afskrifaðar og þeim síðan lánað fé almennings til að reka fyrirtækin áfram eftir að stórum hluta starfsfólks hefur verið sagt upp. Almennt útboð þarf að fara fram á skuldsettum fyrirtækjum og aðeins á að taka tilboðum ef ásættanlegt verð fæst og ef þau leiða ekki til aukinnar fákeppni.

Nota á endurreisnarsjóð atvinnulífsins til að veita hagstæð lán og breyta skuldum lífvænlegra fyrirtækja í hlutafé í eigu ríkisins frekar en að afskrifa skuldir. Þetta gerði ríkið í síðustu niðursveiflu og hagnaðist á þeirri fjárfestingu. Ef ekki fæst ásættanlegt verð fyrir lífvænleg fyrirtæki, þá á að gera þau að eign starfsfólksins til að tryggja atvinnu.

Aðeins grundvallarbreyting á íbúðalánakerfinu getur komið í veg fyrir fjöldagjaldþrot heimila í landinu. Lækka verður raunvexti í 2% og breyta verður öllum fasteignalánnum í skuldabréf með föstum vöxtum. Föstu vextirnir verða endurskoðaðir reglubundið á t.d. 5 ára fresti. Fastir

vextir til 5 ára dreifa áhættunni á verðbólguþessum betur en núverandi verðtrygging. Breytingin á íbúðalánakerfinu á að vera afturvirk og taka mið af aðstæðum fyrir bankahrún.

Kveðjum gamla samfélagi sem byggir á að konur séu annars flokks

Bankahrúnið hefur skapað langþráð tækifæri til að segja skilið við samfélag sem byggt hefur á annars flokks stöðu kvenna. Hlutfall kvenna í stjórnnum fyrirtækja og meðal æðstu stjórnenda og embættismanna hefur verið lágt á Íslandi, sérstaklega í samanburði við nágrannalöndin. Ísland hefur auk þess átt Evrópumet í launamun kynjanna.

Að baki útrásinni stóð vaskur hópur ungra karla sem hafinn var upp til skýjanna með tilvísunum í ásrásargjarna og áhættusækna víkinga í leit að viðskiptatækifærum utan landsteinanna. Nýtt Ísland verður ekki til án sjónarmiða og þátttöku kvenna. Uppbyggingin sem framundan er verður að byggja á kvenlægari áherslum giltu á útrásartímabilinu. Áherslum eins og gagnsæi, áhættumeðvitund og samhjálp.

Hlutlaust álit á Icesave skuldbindingunum

Ekki er enn komið í ljós hversu mikla skuldabyrði fjármálakreppan mun leggja á þjóðina og komandi kynslóðir. Íslenska ríkið þarf að öllum líkindum að greiða allt að 640 milljarða vegna Icesave reikninganna.

Vonir standa til að sala eigna Landsbankans standi undir 240 milljörðum af skuldinni. Lítið mun fást fyrir eignir Landsbankans ef þær eru seldar við núverandi efnahagsástand í Bretlandi. Íslenskir skattborgarar þurfa því sennilega að taka 640 milljarða króna lán til að greiða fyrir óábyrga innlánasöfnun einkabanka sem fór fram í skjóli lélegs eftirlits með bönkunum.

640 milljarðar jafngilda um helmingi framleiðsluverðmætis íslenska hagkerfisins á þessu ári. Vaxtakostnaður á ári mun nema um 32 milljörðum sem samsvarar kostnaði við að reisa 32 grunnskóla. Ríkisstjórnin má ekki að samþykka uppgjör vegna IceSave reikninga fyrr en við höfum fengið tækifæri til að nota rétt okkar til að bera málið undir hlutlausan aðila.

Ég vil að lokum árétt að ótrúlegt tækifæri hefur nú skapast til að móta nýtt samfélag sem byggir á réttlæti og jöfnuði. Við höfum engu að tapa og allt að vinna. Trúverðugleiki okkar sem þjóðar hefur verið fótum troðið. Hafið að lokum hugfast að **þegar ekkert er lengur eins og það var, þá er allt mögulegt**